



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS



Könnun 25. ágúst – 5. september


Önnur könnun Markaðsstofu Norðurlands  
vegna Covid-19 á Norðurlandi

## Könnun vegna Covid-19 á Norðurlandi

Markaðsstofa Norðurlands ákvað að fylgja eftir könnun sem gerð var í maí á viðbrögðum ferðapjónustufyrirtækja á Norðurlandi vegna Covid-19 faraldursins. Markmið könnunarinnar var að greina til hvaða aðgerða fyrirtæki hafa gripið vegna faraldursins. Könnunin var netkönnun sem send var á póstlista Markaðsstofu Norðurlands og var í gangi frá 25. ágúst – 5. september. Það voru 165 sem svöruðu könnuninni.

Af þeim sem svöruðu voru flestir með gistingu (55%), veitingar (35%) og ferðir & afþreyingu (37%). Stærsti hluti þátttakenda eru fyrirtæki sem eru búin að vera starfandi í 10 ár eða lengur eða 72%. Þegar skoðað var hversu margir starfa hjá fyrirtækinu að meðaltali á ársgrundvelli voru 43% með 1-2 starfsmenn og 21% með 3 – 5 starfsmenn, af þeim sem svöruðu könnuninni. 81% þeirra sem svöruðu voru annað hvort framkvæmdastjóri eða eigandi viðkomandi fyrirtækis.

### Ertu að nýta þér úrræði stjórnvalda?



Af 165 sem svöruðu þessari spurningu, svöruðu 50% (fyrri könnun 58%) henni játandi. Af þeim sem svöruðu játandi, voru:

- 79% að nota hlutabótaleið (fyrri könnun 87%)
- 6% ætla að nýta brúarlán (fyrri könnun 9%)
- 6% ætla að nýta lokunarstyrk (fyrri könnun 3%)
- 23% ætla að fá styrki fyrir launum á uppsagnafresti (fyrri könnun 11%)
- 4% ætla að fara í frýstingu lána (fyrri könnun 7%)
- 3% nýta frestun opinberra gjalda (fyrri könnun 3%)

Hins vegar voru 48% (fyrri könnun 37%) svarenda sem sögðu nei og voru eftirfarandi ástæður gefnar:

- 54% sögðu að úrræði stjórnvalda hentuðu ekki (fyrri könnun 31%)
- 25% sögðust ekki þurfa þess (fyrri könnun 14%)
- 6% sögðust vera of lítið fyrirtæki fyrir úrræði stjórnvalda (fyrri könnun 16%)



## Gisting

50% gististaða eru að nýta mismunandi úrræði stjórnvalda, sjá eftirfarandi skiptingu:

- 66% að nota hlutabótaleið (fyrri könnun 82%)
- 8% ætluðu að nota brúarlán (fyrri könnun 11%)
- 18% ætla að fá styrki fyrir launum á uppsagnafresti (fyrri könnun 13%)
- 5% ætla að fara í frystingu lána (fyrri könnun 10%)
- 3% nýta frestun opinberra gjalda (fyrri könnun 5%)

42% gististaða voru ekki að nýta úrræði stjórnvalda og gáfu eftirfarandi skýringar:

- 68% sögðu að úrræði stjórnvalda hentuðu ekki (fyrri könnun 34%)
- 24% sögðust ekki þurfa þess (fyrri könnun 13%)
- 6% sögðust verða of lítið fyrirtæki fyrir úrræði stjórnvalda. (fyrri könnun 16%)

3% ætla að nota úrræði stjórnvalda en ekki búinn að gera það. 56% sögðust ekki vera í fjárhagslegri endurskipulagningu. Hins vegar voru 27% sem sögðust vera í fjárhagslegri endurskipulagningu. 38% töluðu um að vera í endurfjármögnun, 29% töluðu um uppsagnir starfsmanna og 19% sögðust hafa sótt um lán. 70% gististaða sögðust vera með opið í ár og næsta (fyrri könnun 90%). Langflestir gististaðir telja að þeir muni lifa af ástandið vegna Covid-19 eða 70% (fyrri könnun 74%) þeirra sem svöruðu. 75% gististaða sem svöruðu eru með 1-5 starfsmenn á ársgrundvelli (engin breyting milli kannana).

## Veitingar

Af þeim sem voru með veitingarekstur voru 57% (fyrri könnun 63%) þeirra að nýta úrræði stjórnvalda. Þau úrræði voru eftirfarandi:

- 82% að nota hlutabótaleið (fyrri könnun 94%)
- 4% ætla að nota brúarlán (fyrri könnun 6%)
- 18% ætla að fá styrki fyrir launum á uppsagnafresti (fyrri könnun 11%)
- 0% ætla að fara í frystingu lána (fyrri könnun 6%)

Hins vegar voru 39% (fyrri könnun 35%) sem hafa ekki notað úrræði stjórnvalda.

- 56% sögðu að úrræði stjórnvalda hentuðu ekki (fyrri könnun 45%)
- 39% sögðust ekki þurfa þess (fyrri könnun 15%)

65% veitingastaða ætla að vera með opið í ár (fyrri könnun 89%). 77% þeirra sem svöruðu sögðu sig telja frekar og mjög líklegt að þeir lifi ástandið af vegna Covid 19 (fyrri könnun 74%).

## Ferðir & afþreying

52% fyrirtækja sem eru með ferðir og afþreyingu eru að nota úrræði stjórnvalda (fyrri könnun 61%). Þau úrræði voru eftirfarandi:

- 88% að nota hlutabótaleið (fyrri könnun 84%)
- 4% ætla að nota brúarlán (fyrri könnun 13%)
- 35% ætla að fá styrki fyrir launum á uppsagnafresti (fyrri könnun 13%)
- 0% ætla að fara í frystingu lána (fyrri könnun 9%)
- 12% ætla að nýta lokunarstyrk (fyrri könnun 6%)

Hins vegar voru 46% þeirra sem svöruðu ekki að nota úrræði stjórnvalda (fyrri könnun 35%):

- 51% sögðu að úrræði stjórnvalda hentuðu ekki (fyrri könnun 36%)
- 10% sögðust ekki þurfa þess (fyrri könnun 5%)

- 10% sögðust verða of lítið fyrirtæki fyrir úrræði stjórnvalda (fyrrri könnun 21%)


29% fyrirtækja eru í fjárhagslegri endurskipulagningu. Stærstur hluti þeirra eða 79% ætla að vera með opið á næsta ári. 77% telja frekar og mjög líklegt að þau muni lifa af Covid 19 (fyrrri könnun 78%).

### Er fyrirtækið í fjárhagslegri endurskipulagningu?

Af 151 fyrirtæki sem svöruðu voru 59% sem sögðust ekki vera í endurfjármögnunarferli. 29% sögðu já við að vera í endurfjármögnunarferli. Síðan voru 5% sem sögðu „á ekki við/ vil ekki svara“ og tæplega 7% vissu það ekki. Af þeim sem svöruðu játandi sögðust:

- 28% sögðust vera í endurfjármögnun
- 38% sögðust hafa farið í uppsagnir starfsmanna
- 15% hafa sótt um auka lán

### Ætlar fyrirtækið að sækja um stuðningslán?




Af 165 sem svöruðu könnuninni, svaraði aðeins 41 fyrirtæki þessari spurningu. Af þeim sem svöruðu spurningunni kemur fram að 14% voru búnir að sækja um stuðningslán. Hins vegar voru fleiri sem vissu ekki hvort fyrirtækið ætlaði að sækja um stuðningslán eða 24% meðan það voru 22% sem sögðu já. Þeir sem sögðu nei voru spurðir af hverju, komu nokkur svör fram og þar töluðu menn um óhagstæða skilmála, sögðu ekki vera þörf á því, að fyrirtækin uppfylli ekki skilmála eða að þau voru að fara hætta rekstri.

## Telur þú að Íslendingar verði stærra hlutfall af viðskiptavinum í framtíðinni?

149 fyrirtæki svöruðu þessari spurningu og voru 5% þeirra mjög sammála og 29% frekar sammála að Íslendingar verði stærra hlutfall viðskiptavina í framtíðinni. Hins vegar voru 18% frekar ósammála og 11% mjög ósammála. 16% voru hvorki né og 16% sögðu veit ekki og 2% vildu ekki svara.


## Hefur fyrirtækið aðlagð vöruframboð sitt vegna Covid 19?




Af 148 sem svöruðu þessari spurningu voru langflestir eða 57% búnir að breyta vöruframboði sínu að einhverju leiti. Þegar þau voru spurð hvaða breyting það væri þá töluðu flestir um breytt verð, tilboð, minnkað framboð og hætt með sumar vörur, breyttir matseðlar, breyttar vörur til að höfða meira til Íslendinga og fleira.

## Verður þitt fyrirtæki opið fyrir viðskiptavinum frá sept. 2020 - ágúst 2021?

Í þessari könnun kemur fram að 73% af þeim 147 fyrirtækjum svöruðu þessari spurningu ætla hafa opið fram til ágúst 2021. Í könnun sem við gerðum í maí kemur fram að flest fyrirtækin ætla að hafa opið árið 2020, eða 91% af þeim 159 fyrirtækjum sem svöruðu þessari spurningu. Hins vegar voru 18% sem vissu ekki hvort það yrði opið og 8% sem sögðu nei. Yfir 97% þeirra sem svöruðu ætla að vera með opið júní, júlí og ágúst. Sá mánuður sem færstir verða með opið er janúar 2021 eða 63%.



### Er líklegt að fyrirtækið lifi af ástandið vegna Covid-19?



Ánægjulegt er að sjá að 76% þeirra 146 sem svöruðu þessari spurningu telja frekar eða mjög líklegt að fyrirtækið lifi ástandið af vegna Covid 19. Í fyrri könnun í maí kom fram að 75% þeirra 158 sem svöruðu þessari spurningu telja frekar eða mjög líklegt að fyrirtækið lifi af. Hins vegar eru 12% sem segjast ekki vita hvort fyrirtækið lifi af en það var 10% í fyrri könnun. Einungis 3% segja það frekar eða mjög ólíklegt að fyrirtækið lifi af (fyrri könnun 5%).



## Samantekt

Það má draga þá ályktun út frá þessari könnun að staða ferðapjónustu fyrirtækja á Norðurlandi sé svipuð og þegar könnun var gerð í maí síðastliðnum. Komu svipaðar niðurstöður og í síðustu könnun um hvort fyrirtæki hafa verið að nýta þau úrræði sem stjórnvöld hafa boðið uppá. Þar er mesta breytingin að tvöfalt fleiri ætla að fá styrki fyrir launum á uppsagnafresti starfsmanna. Það eru hins vegar blikur á lofti með veturinn og sést það aðallega í hvort fyrirtæki ætli að hafa opið næstu 12 mánuðina að 18% sögðust ekki vita það, en var 8% í könnun í maí. Rúmlega helmingur fyrirtækja hafa aðlagð vöruframboð sitt vegna breytra aðstæðana. Hins vegar eru fyrirtæki bjartsýn á að lifa af Covid eða um 76% þeirra sem svöruðu könnuninni.

Ef það eru einhverjar ábendingar eða spurningar um könnunina þá vinsamlegast hafið samband við Björn H. Reynisson, [bjorn@nordurland.is](mailto:bjorn@nordurland.is) eða í síma 462-3300.

